# Hagar hf.

## Ársreikningur samstæðunnar
## 28. febrúar 2007

Hagar hf.
Skútuvogi 7
104 Reykjavík

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ................ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ............................ 4

Rekstrarreikningur ........................................... 5

Efnahagsreikningur .......................................... 6

Yfirlit um sjóðstreymi ..................................... 7

Skýringar ......................................................... 8

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á reikningsárinu að fjárhæð 417 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok reikningsársins nam 6.465 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og víkjandi lán nam samtals 7.140 millj. kr.

Hlutafé félagsins nam 1.067 millj. kr. í lok reikningsársins. Hluthafar voru 5 í lok reikningsársins og á Baugur Group hf. 95% af heildarhlutafé félagsins.

Í apríl 2007 keypti félagið 50% hlut Baugs Group hf. í færeysku verslunarkeðjunni SMS. Kaupverð verður greitt með útgáfu nýs hlutafjár í félaginu að nafnvirði 56 millj. kr.

Á hluthafafundi sem haldinn var 28. febrúar 2007 var samþykkt að greiða sérstakan 1.332 millj. kr. arð til hluthafa félagsins. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 1.000 millj. kr. arður til hluthafa á árinu 2007, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Stjórn og forstjóri Haga hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. maí 2007.

Í stjórn félagsins:

Forstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar í Högum hf.

**Inngangur**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Haga hf. fyrir reikningsárið 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007, efnahag þess 28. febrúar 2007 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. maí 2007.

***KPMG hf.***

# Rekstrarreikningur
# 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007

| | Skýr. | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|---|
| Vörusala | | 46.513 | 44.751 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 34.645) | ( 35.122) |
| **Framlegð** | | 11.868 | 9.629 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 76 | 77 |
| Laun og launatengd gjöld | 12 | ( 5.288) | ( 4.923) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 4.582) | ( 4.045) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta og fjármagnsliða** | | 2.074 | 738 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og niðurfærsla óefnislegra eigna | 16 | ( 918) | ( 884) |
| **Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða** | | 1.156 | ( 146) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 13 | ( 1.128) | ( 1.445) |
| Söluhagnaður eignarhluta í félögum og niðurfærsla krafna | 20 | 550 | 1.956 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 21 | ( 18) | 0 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 560 | 365 |
| Tekjuskattur | 14,23 | ( 143) | 470 |
| **Hagnaður fyrir aflagða starfsemi** | | 417 | 835 |
| Aflögð starfsemi | 20 | - | 162 |
| **Hagnaður ársins** | 28 | 417 | 997 |

# Efnahagsreikningur 28. febrúar 2007

| | Skýr. | 28.2.2007 | 28.2.2006 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir | 15 | 9.488 | 8.913 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 16 | 4.282 | 4.048 |
| Eignarhlutir í hlutdeildafélagi | 21 | 82 | 0 |
| Eignarhlutir í félögum | 22 | 186 | 483 |
| Skuldabréfalán | 37 | 448 | 2.030 |
| Tekjuskattseign | 23 | 24 | 170 |
| Fastafjármunir | | 14.510 | 15.644 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Vörubirgðir | 24 | 3.063 | 2.613 |
| Viðskiptakröfur | | 674 | 746 |
| Krafa vegna sölu dótturfélags | | 0 | 5.050 |
| Aðrar skammtímakröfur | 37 | 282 | 476 |
| Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur | | 2.667 | 2.300 |
| Eignarhlutur í skráðu félagi | 25 | 2.197 | 0 |
| Handbært fé | | 150 | 232 |
| Veltufjármunir | | 9.033 | 11.417 |
| **Eignir samtals** | | 23.543 | 27.061 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | 27 | 1.067 | 1.015 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.975 | 3.611 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.423 | 2.320 |
| Eigið fé | 28 | 6.465 | 6.946 |
| Víkjandi lán frá Baugi Group hf. | 29 | 675 | 675 |
| Eigið fé og víkjandi lán samtals | | 7.140 | 7.621 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Langtímaskuldir | | 2.226 | 1.070 |
| Skuldabréfalán | | 7.966 | 7.413 |
| | 30 | 10.192 | 8.483 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 32 | 1.249 | 6.337 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 33 | 4.712 | 4.570 |
| Skuldbindingar | 38 | 250 | 50 |
| | | 6.211 | 10.957 |
| Skuldir samtals | | 16.403 | 19.440 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 23.543 | 27.061 |
| **Skuldbindingar** | 19,34,35 | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi
# 1. mars 2006 til 28. febrúar 2007

| | Skýr. | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 28 | 417 | 997 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | 36 | 1.992 | ( 1.649) |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 2.409 | ( 652) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 550) | ( 1.665) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 1.859 | ( 2.317) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 15 | ( 116) | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 16 | ( 934) | ( 798) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 47 | 133 |
| Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé | 11 | ( 258) | ( 256) |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | | ( 103) | ( 2) |
| Söluverð eignarhluta í dótturfélagi að frádregnu seldu handbæru fé | | 0 | 173 |
| Móttekinn arður | | 18 | 2.200 |
| Kröfur og verðbréf, breyting | | 3.964 | 758 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 2.618 | 2.208 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 800 | 4.976 |
| Afborganir langtímalána | | ( 5.815) | ( 2.436) |
| Skammtímalán, breyting | | 456 | ( 2.465) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 4.559) | 75 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 82) | ( 34) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 232 | 266 |
| **Handbært fé í árslok** | | 150 | 232 |

## Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:

| | | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|---|
| Arður til hluthafa | | ( 1.332) | 0 |
| Skuldabréfaeign | | 1.723 | 0 |
| Keyptir eignarhlutir í félagi | | ( 2.189) | ( 180) |
| Seld eigin bréf og nýtt hlutafé | | 416 | 0 |
| Skammtímaskuldir | | 133 | 270 |
| Skammtímakröfur | | 1.249 | ( 5.194) |
| Langtímakröfur | | | ( 2.000) |
| Seld dótturfélög | | 0 | 7.104 |
| Keypt viðskiptavild | | ( 4) | 0 |
| Langtímalán | | 4 | 0 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningur Haga hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðir um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

   Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfi þess. Ársreikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

### *Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda*

3. Félagið hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni er fært í rekstrarreikning.

### *Innlausn tekna*

4. Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar varan er afhent kaupanda.

### *Óefnislegar eignir*

5. Viðskiptavild sem myndast við sameiningar eða kaup á félögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði annars vegar og hlutdeild í eigin fé félaga á kaupdegi hins vegar.

   Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er tengd sjóðskapandi einingu og er ekki afskrifuð línulega, en árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 20-50 ár |
| Innréttingar, áhöld og tæki | 3-14 ár |
| Flutningatæki | 7 ár |

### *Eignarhlutir í félögum*

7. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

Eignarhlutir í öðrum félögum, þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár, eru færðir á kostnaðarverði eða markaðsverði þegar það liggur fyrir. Arður frá þessum félögum er færður til tekna meðal fjármunatekna.

### *Birgðir*

8. Vörubirgðir eru metnar til eignar á síðasta innkaupsverði eða dagverði, því sem lægra reynist.

### *Skammtímakröfur og verðbréf*

9. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### *Reiknuð skattinneign*

10. Reiknuð skattinneign er færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hinsvegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi.

## Breyting á samstæðu

### *Kaup á dótturfélögum*

11. Í byrjun reikningsársins urðu dótturfélögin Íshöfn ehf. og Res ehf. hluti af samstæðureikningi félagsins.

Res ehf. var keypt í lok febrúar 2006 og var eignarhluturinn færður undir liðnum eignarhlutir í félögum í efnahagsreikningi 28. febrúar 2006.

## Laun og launatengd gjöld

12. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|
| Laun ........................................ | 4.595 | 4.242 |
| Launatengd gjöld ........................................ | 693 | 681 |
| Laun og launatengd gjöld samtals ........................................ | 5.288 | 4.923 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna umreiknað í heilsársstörf ........................................ | 1.617 | 1.471 |

Heildarlaun forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 212 millj. kr. á árinu 2006

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 472 | 116 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 1.569) | ( 1.421) |
| Gengismunur | ( 31) | ( 140) |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 1.128) | ( 1.445) |

## Tekjuskattur

14. Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2006/07 | | 2005/06 | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir skatta | | 560 | | 365 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 18,0% | ( 100) | ( 18,0% ) | ( 66) |
| Áhrif dótturfélaga á erlendum skattsvæðum | 0,0% | 0 | ( 5,8% ) | ( 21) |
| Söluhagnaður færður til lækkunar á skattalegu kaupverði eignarhluta í dótturfélögum | - | - | 126,0% | 460 |
| Aðrir liðir | ( 7,6% ) | ( 43) | 26,6% | 97 |
| Tekjuskattur af hagnaði ársins | ( 25,5% ) | ( 143) | 128,8% | 470 |

## Óefnislegar eignir

15. Óefnislegar eignir greinist þannig:

| | Viðskiptavild | Langtíma-kostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Óefnislegar eignir 1.3.2006 | 8.843 | 70 | 8.913 |
| Yfirtekið í samstæðu | 559 | 0 | 559 |
| Viðbót á árinu | 116 | 0 | 116 |
| Niðurfærsla á árinu | ( 30) | ( 70) | ( 100) |
| Óefnislegar eignir 28.2.2007 | 9.488 | 0 | 9.488 |

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaprósenta sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangverð viðskiptavildar, sem er núvirt vænt framtíðarfjárstreymi, reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda. Samkvæmt niðurstöðu prófsins í febrúarlok 2007 er gangverð viðskiptavildar rekstrareininga hærra en bókfært verð í öllum tilvikum nema einu en þar er viðskiptavild niðurfærð um 30 millj. kr.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

16. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Fasteignir | Innréttingar og áhöld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.3.2006 | 40 | 8.096 | 8.136 |
| Afskrifað áður | ( 1) | ( 4.087) | ( 4.088) |
| Bókfært verð 1.3.2006 | 39 | 4.009 | 4.048 |
| Yfirtekið í samstæðu | 0 | 157 | 157 |
| Viðbót á árinu | 0 | 934 | 934 |
| Selt á árinu | 0 | ( 39) | ( 39) |
| Afskrifað á árinu | ( 2) | ( 816) | ( 818) |
| Bókfært verð 28.2.2007 | 37 | 4.245 | 4.282 |
| | | | |
| Heildarverð 28.2.2007 | 40 | 9.148 | 9.188 |
| Afskrifað samtals 28.2.2007 | ( 3) | ( 4.903) | ( 4.906) |
| Bókfært verð 28.2.2007 | 37 | 4.245 | 4.282 |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 818 |
| Niðurfærsla langtímakostnaðar og viðskiptavildar sbr. skýringu 15 | 100 |
| Afskriftir og niðurfærsla samtals | 918 |

### *Fasteignamat og vátryggingarverð*

17. Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð í febrúarlok 2007 nam eftirtöldum fjárhæðum:

| | |
|---|---|
| Fasteignamat | 43 |
| Vátryggingarverð fasteigna | 49 |
| Bókfært verð fasteigna | 37 |
| | |
| Vátryggingarverð innréttinga, véla og áhalda | 7.416 |
| Bókfært verð innréttinga, véla og áhalda | 4.245 |

### *Kaupleigusamningar*

18. Tæki og innréttingar sem félagið hefur gert kaupleigusamninga um eru færð til eignar þrátt fyrir eignarrétt leigusala samkvæmt samningum. Eftirstöðvar samninganna námu 407 millj. kr. í lok reikningsársins og koma samningarnir til greiðslu á næstu þremur til fimmtán árum.

### *Leigusamningar*

19. Félagið leigir húsnæði fyrir starfsemi sína allt fram til ársins 2020. Í lok reikningsársins nema skuldbindingar vegna þessara leigusamninga samtals 13.879 millj. kr. Félagið hefur einnig gert rekstrarleigusamninga um vélar, áhöld og flutningstæki.

## Áhættufé í félögum

### *Dótturfélög*

20. Dótturfélögin, sem eru öll færð í samstæðureikninginn, eru þessi:

| | Eignar-hlutur |
|---|---|
| Bananar ehf., Reykjavík | 100% |
| DBH á Íslandi ehf., Kópavogi | 100% |
| Eignarhaldsfélagið Dagar ehf., Reykjavík | 100% |
| Ferskar kjötvörur ehf., Reykjavík | 100% |
| Íshöfn ehf., Reykjavík | 100% |
| Noron ehf., Reykjavík | 100% |
| Res ehf., Reykjavík | 100% |

Í febrúar 2006 keypti félagið allt hlutafé í Res ehf. og er félagið hluti af samstæðureikningnum frá 1. mars 2006.

Í byrjun reikningsársins keypti félagið allt hlutafé í Desember ehf. og Íshöfn ehf. og var Desember ehf. sameinað Íshöfn ehf. Rekstur Íshafnar ehf. er innifalinn í samstæðureikningnum frá 1. mars 2006.

Á árinu 2004 yfirtók DBH Holding ehf. eignarhluti Haga hf. og kröfur á DBH Stockholm AB og DBH Danmark AS. Krafa félagins á hendur DBH Holding ehf. nam 750 millj. kr. í lok síðasta reikningsárs og var hún niðurfæð að fullu í reikningsskilum félagsins. Í febrúar 2007 greiddi DBH Holding ehf. kröfu sína að fullu og var niðurfærslan því bakfærð. Bakfærsla niðurfærslunnar, að fjárhæð 750 millj. kr., er færð undir liðnum söluhagnaður eignarhluta í félögum og niðurfærsla krafna í rekstrarreikningi.

Í samanburðartölum í rekstrarreikningi undir liðnum aflögð starfsemi er færður rekstur Skeljungs hf. og Trenor AB en félagið seldi eignarhlutina í febrúar 2006.

### *Hlutdeildarfélag*

21. Félagið á 51% hlut í Max hf. en þar sem félagið fer ekki með yfirráð yfir félaginu er fjárfestingin flokkuð sem fjárfesting í hlutdeildarfélagi.

### *Önnur félög*

22. Fjárfesting félagsins í öðrum félögum sundurliðast þannig:

| | Nafnverð | Eignar-hlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| BYR sparisjóður | 2.203.323 | 1,68% | 183 |
| Önnur félög | | | 3 |

## Tekjuskattseign

23. Tekjuskattsskatteign greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattseign 1.3.2006 | 170 |
| Yfirtekið í samstæðu | ( 5) |
| Tekjuskattur | ( 143) |
| Aðrir liðir | 2 |
| Tekjuskattseign 28.2.2007 | 24 |

Tekjuskattseign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Viðskiptavild | ( 20) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | ( 303) |
| Veltufjármunir | 11 |
| Yfirfæranlegt tap | 336 |
| Staða 28.2.2007 | 24 |

Frestaður söluhagnaður af eignarhlutum móðurfélagsins í öðrum félögum að fjárhæð 3.536 millj. kr. er færður til lækkunar á skattalegu kaupverði eignarhluta í dótturfélögum. Tekjuskattsskuldbinding að fjárhæð 636 millj. kr. er ekki færð vegna eignarhluta í dótturfélögum þar sem ólíklegt er talið að mismunur milli bókfærðs verðs og skattalegs verðs muni snúast við í framtíðinni.

## Birgðir

24. Vörubirgðir sundurliðast þannig:

| | 28.2.2007 | 28.2.2006 |
|---|---|---|
| Matvara | 1.770 | 1.399 |
| Sérvara | 1.250 | 1.135 |
| Vörur í flutningum | 43 | 79 |
| Vörubirgðir samtals | 3.063 | 2.613 |

## Eignarhlutur í skráðu félagi

25. Eignarhlutur í skráðu félagi greinist þannig:

| | Eignar-hlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| FL Group hf. | 0,91% | 73.524.710 | 2.197 |

## Skammtímakröfur

26. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

| | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.3. | 844 | 342 |
| Yfirtekið og fært út úr samstæðu á árinu | 0 | ( 98) |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu | ( 21) | ( 12) |
| Lækkun á niðurfærsla á árinu | ( 778) | 612 |
| Niðurfærsla 28.2. | 45 | 844 |

## Eigið fé

27. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.067 millj. kr. í lok reikningsársins en var 1.050 í byrjun þess. Í lok reikningsársins átti félagið eigin hlutabréf að nafnverði 0,2 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á hlutafé.

Í september 2006 seldi félagið stjórnendum þess eigin bréf og útgefin ný bréf að nafnverði 52 millj. kr.

28. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.3.2006 | 1.015 | 3.611 | 2.320 | 6.946 |
| Seld eigin bréf og nýtt hlutafé | 52 | 364 | | 416 |
| Móttekin arður færður á eigið fé | | | 18 | 18 |
| Greiddur arður | | | ( 1.332) | ( 1.332) |
| Hagnaður ársins | | | 417 | 417 |
| Eigið fé 28.2.2007 | 1.067 | 3.975 | 1.423 | 6.465 |

## Víkjandi lán

29. Baugur Group hf. hefur veitt félaginu víkjandi lán að fjárhæð 675 millj. kr. Gjalddagi lánsins er 30. nóvember 2008.

## Langtímaskuldir

30. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | |
|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum | 9.592 |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | 1.141 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 10.733 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | ( 541) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 10.192 |

31. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| 1. mars 2007 - 29. febrúar 2008 | 541 |
| 1. mars 2008 - 28. febrúar 2009 | 1.862 |
| 1. mars 2009 - 28. febrúar 2010 | 7.588 |
| 1. mars 2010 - 28. febrúar 2011 | 287 |
| 1. mars 2011 - 28. febrúar 2012 | 173 |
| Afborganir síðar | 282 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 10.733 |

## Skammtímaskuldir

32. Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 28.2.2007 | 28.2.2006 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 708 | 252 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 541 | 6.085 |
| | 1.249 | 6.337 |

33. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 3.417 | 3.216 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.295 | 1.354 |
| | 4.712 | 4.570 |

## Skuldbindingar

34. Félagið hefur veðsett um 1.130 millj. kr. af greiðslukortakröfum sínum.

## Afleiðusamningar

35. Félagið hefur gert gjaldeyrissamninga til að takmarka gengisáhættu sína. Í lok reikningsársins var félagið með opinn gjaldeyrisvalrétt og nam markaðverðmæti hans 58 millj. kr. sem fært er meðal skammtímaskulda.

## Sjóðstreymi

36. Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi greinast þannig:

| | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|
| Aflögð starfsemi | - | ( 162) |
| Söluhagnaður eignarhluta í félögum og niðurfærsla krafna | 0 | ( 1.960) |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | ( 3) | ( 5) |
| Afskriftir | 918 | 884 |
| Verðbætur og gengismunur | 915 | 122 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 18 | 0 |
| Tekjuskattur | 141 | ( 470) |
| Aðrir liðir | 3 | ( 58) |
| | 1.992 | ( 1.649) |

## Kröfur á tengda aðila

37. Skuldabréfalán að fjárhæð 448 millj. kr. í lok reikningsársins eru lán til stjórnenda félagsins vegna hlutafjárkaupa. Skuldabréfin eru með breytilegum vöxtum, sem voru 15% í lok reikningsársins, og eru með með gjalddaga í janúar 2012.

Í febrúar 2007 var skuldabréfaeign að nafnverði 2.000 millj. kr. vegna sölunnar á Skeljungi hf. greidd upp með hlutabréfum í FL Group hf.

Meðal annarra krafna er 67 millj. kr. krafa á Baug Group hf.

## Óvissa

38. Við sölu á Skeljungi hf. í febrúar 2006 tók félagið yfir ábyrgð á greiðslum á öllum skaðabótakröfum sem kunna að koma fram frá viðskiptavinum Skeljungs hf. vegna þátttöku félagsins í ólögmætu samráði olíufélaganna. Nú þegar hafa komið fram kröfur frá nokkrum viðskiptavinum Skeljungs hf. og hefur Héraðsdómur þegar dæmt félagið til greiðslu skaðabóta í tveimur málum sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar. Óvíst er um niðurstöðu þessara mála en 200 millj. kr. hafa verið færðar til gjalda undir liðnum söluhagnaður eignarhluta í félögum og niðurfærsla krafna í rekstrarreikningi. Árið áður voru 50 millj. kr. gjaldfærðar vegna þessa máls.

## Kennitölur

39. Helstu kennitölur samstæðunnar:

**Rekstur:**

| | 2006/07 | 2005/06 |
|---|---|---|
| Meðalálagning - sala/ kostnaðarverð seldra vara ........................................................... | 34,3% | 27,4% |
| Framlegð í hlutfalli af sölu ......................................................................................... | 25,5% | 21,5% |

**Efnahagur:**

| | 28.2.2007 | 28.2.2006 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir ..................................................... | 1,5 | 1,0 |
| Eiginfjárhlutfall að teknu tilliti til víkjandi láns- eigið fé og víkjandi lán/heildarfjárm. .. | 30,3% | 28,2% |
| Innra virði hlutafjár ........................................................................................................ | 6,1 | 6,8 |